

4. FUNDUR STJÓRNAR HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS STARFSÁRIÐ 2019-2020

Miðvikudaginn 23. október kl. 17:00 var haldinn fjórði fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands. Fundurinn var haldinn á skrifstofu félagsins í Síðumúla.

Mætt voru: Herdís Hallmarsdóttir formaður, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Guðni B. Guðnason, Heiðar Sveinsson og Þorsteinn Thorsteinson auk varamanns Guðbjargar Guðmundsdóttur.

Svava Björk Ásgeirsdóttir boðaði forföll.

Guðný Isaksen framkvæmdastjóri HRFÍ sat fundinn.

Þorsteinn Thorsteinson ritaði fundinn.

Dagskrá:

1. Microsoft Teams vinnusvæði fyrir stjórn HRFÍ

Guðni hefur sett upp Microsoft Teams vinnusvæði fyrir stjórn HRFÍ. Fundargerðir verða settar í Wiki.

2. Ósk um undanþágu – erindi frá félagsmanni (fylgiskjöl 1, 2 og 3)

Félagsmaður óskar eftir undanþágu frá ákvæði í grein 5.5. reglugerðar um skráningu í ættbók HRFÍ en þar segir:

“Óheimilt er að para tík sem er orðin 7 ára gömul hafi hún ekki átt hvolpa áður”

Með umsókninni fylgir vottorð frá dýralækni þar sem fram kemur að tíkin virðist heilbrigð og eðlileg og í góðu holdafari.

Vísindanefnd HRFÍ fékk málið til umsagnar og leggst gegn veitingu undanþágu. Rökstuðningur nefndarinnar er að fylgikvillar meðgöngu og fæðingu aukist með auknum aldri og telur nefndin nauðsynlegt að huga fyrst og fremst að hagsmunum tíkarinnar.

Ósk um undanþágu er hafnað.

3. Ósk um aukinn gildistíma augnskoðunar hjá lhasa apso – erindi frá Smáhundadeild (fylgiskjöl 4 og 5)

Stjórn Smáhundadeildar HRFÍ óskar eftir lengingu á gildistíma augnskoðana hjá lhasa apso en í dag gildir að augnvottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við þörun. Deildin óskar eftir 36 mánaða gildistíma en til vara að gildistími verði 25 mánuðir, eins og hjá chihuahua og cavalier king charles spaniel.

Vísindanefnd HRFÍ fékk málið til umsagnar og telur nefndin hvorki rök fyrir 36 mánaða né 25 mánaða gildistíma augnvottorða hjá lhasa apso, tegundin sé ný á Íslandi og ekki mikil

augnskoðunarsaga hér á landi og erfitt geti verið að takast á við augnsjúkdóma sem mögulega greinast sé svo langt milli skoðana. Nefndin leggur þó til lengingu á gildistíma augnvottorða í 18 mánuði og að sá gildistími verði endurskoðaður eftir 5 ár.

Samþykkt að benda deildinni á að í gangi sé heildarendurskoðun á ræktunarskilyrðum einstakra hundakynja í reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ. Ræktunar- og staðlanefnd er nú að fara yfir ræktunarskilyrði og ákveðið að fresta afgreiðslu þar til ræktunarskilyrði tegundahóps 9 verða tekin fyrir. Því er ákveðið að áframsenda beiðni deildarinnar sem og umsögn vísindanefndar til ræktunar- og staðlanefndar félagsins.

4. Augnskoðun shih tzu – erindi frá vísindanefnd (fylgiskjöl 6 og 7)

Vísindanefnd HRFÍ ítrekar afstöðu sína gagnvart niðurfellingu augnskoðunarkröfu á shih tzu sem stjórn samþykkti 17. júlí s.l. og telur það skapa mjög alvarlegt fordæmi. PRA greindist hjá shih tzu í síðustu augnskoðun og óskar nefndin eftir að stjórn HRFÍ endurskoði ákvörðun sína um niðurfellingu á augnskoðunarkröfu hjá shih tzu.

Hvergi á Norðurlöndunum er augnskoðunarkrafa hjá shih tzu. Athygli skal einnig vakin á því að á sama tíma og augnskoðunarkrafa hjá shih tzu var afnumin, féll úr gildi sú undanþága sem shih tzu hafði hér varðandi ræktunarbann við greiningu PRA og gildir þar því sama ákvæði og fyrir öll önnur hundakyn.

Í reglugerð HRFÍ um skráningu í ættbók, kafla 5, grein 10 segir:

„,HRFÍ stendur reglulega fyrir augnskoðunum og skráir niðurstöður þeirra í ættbók. Um öll hundakyn gildir að greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) er hann settur í ræktunarbann og fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Að sama skapi eru foreldrar, systkini og áður skráð afkvæmi hundsins sett í ræktunarbann, nema sýnt sé fram á með DNA prófi að hundarnir séu hreinir af öllum þeim PRA gerðum sem þekkt eru í kyninu. Þekktan PRA bera má einungis para við arfhreinan hund.“

Stjórn óskar eftir að skrifstofa taki saman upplýsingar um þá hunda sem samkvæmt ákvæðinu verða settir í ræktunarbann og vill afla álits vísindanefndar og eftir atvikum deildarinnar á því hvort það dugi til að komast í veg fyrir vandann. Af því tilefni verður vísindanefnd boðuð á næsta fund stjórnar þegar upplýsingarnar liggja fyrir. Er afgreiðslu málsins frestað þangað til.

5. Silky terrier og border terrier – erindi frá Terrier deild (fylgiskjöl 8 og 9)

Stjórn Terrierdeildar óskar eftir að ákvæði í sérreglum varðandi 18 mánaða lágmarksaldur silky terrier og border terrier tíka við þörun verði afnuminn. Stjórn deildarinnar vill að lágmarksaldur tíka við þörun verði 24 mánuðir fyrir allar tegundir innan Terrierdeildar.

Erindið var sent Vísindanefnd til umsagnar og telur nefndin engin rök mæla gegn beiðni deildarinnar og er erindið samþykkt.

6. Dagskrá veiðiprófa tegundahóps 7 fyrir 2020 – erindi frá Veiðiprófanefnd (fylgiskjöl 10 og 11)

Veiðiprófanefnd HRFÍ fyrir tegundahóp 7 sækir um samþykki fyrir dagskrá veiðiprófa 2020. Dagskráin var unnin í samstarfi fulltrúa allra deilda og samþykkt af öllum aðilum.

Dagskráin er samþykkt með þeim fyrirvara að deildirnar sendi skrifstofu félagsins þau gögn sem vantar innan 4 vikna.

Í veiðiprófareglum TH7 segir:

"2.2. Umsóknir Umsóknir ræktunardeilda um að halda veiðipróf skal senda til veiðiprófanefndar HRFÍ fyrir 15. október ár hvert.

Umsókn um hvert veiðipróf þurfa að fylgja upplýsingar um stund og áætlaðan stað fyrir prófið, hvers eðlis prófið er, skráningarfrest, upplýsingar um dómara, íslenskur/erlendur og prófstjóra. Fjárhagsáætlun þarf jafnframt að fylgja með umsókn. Einnig skal fylgja skriflegt leyfi landeiganda til prófahalds, þegar það á við.
"

7. Veiðipróf Svæðafélags Norðurlands (fylgiskjal 12)

Svæðafélag Norðurlands sækir um að halda 2 heiðapróf fyrir standandi fuglahunda. Allar upplýsingar eru til staðar í umsókninni og prófin virðast ekki stangast á við önnur heiðapróf í tegundahópi 7. Prófin eru því samþykkt að því tilskyldu að deildir í TH7 geri ekki veigamiklar athugasemdir við dagsetningu prófanna enda sér stjórn ekki annað en að tekið hafi verið tillit til þess.

8. Rangtúlkun reglna varðandi skráningu á meginlandshundapróf – erindi frá deildarmeðlimi í FHD (fylgiskjal 13)

Deildarmeðlimur í FHD sendi stjórn erindi og bendir á að ekki hafi verið farið eftir reglum varðandi skráningu á meginlandshundapróf, sérreglur tegunda stangist á við almennu regluna. Hann segir vanta túlkun á reglunum og spyr jafnframt hver fari með úrskurðarvald varðandi reglur um meginlandshundaprófin.

Stjórn telur ábendingarnar þarfar og mun koma þeim áleiðis til endurskoðunarnefndarinnar. Þegar stjórn samþykkti reglur fyrir meginlandshundapróf voru allir upplýstir um það að á reglunum væru annmarkar sem unnið yrði að á næstu árum að sníða af regluverkinu. Að öðru leyti bendir stjórn á að dómari og prófstjóri hefur mikið vald samkvæmt reglunum sjálfum. Þá hefur veiðiprófanefnd ákveðið hlutverk. Þess utan fer siðanefnd og stjórn félagsins með lögákveðið hlutverk auk þess sem í félaginu er starfandi dómarráð fyrir veiðipróf í tegundahópi 7.

9. Samþykkt milli funda:

- a. **Aukin réttindi sýningadómara – Ásta María Guðbergsdóttir** (fylgiskjal 14)
Sýningadómaranefnd félagsins mælir með staðfestingu dómara réttinda Ástu Maríu Guðbergsdóttur á bichon havanais. Prófið var haldið á sýningu DKK í Ballerup og prófdómarar voru sýningadómararnir Kitty Sjong (DK) og Torbjörn Skaar (SE). Undirbúningur prófs var í höndum sýningadómaranefndar HRFÍ.
Samþykkt.
- b. **Smalaeðlispróf – erindi frá Fjár- og hjarðhundadeild** (fylgiskjal 15)
Stjórn Fjár- og Hjarðhundadeildar óskaði eftir leyfi til að halda smalaeðlispróf 19.-20. október.
Samþykkt.
- c. **Breyting á áður auglýstri dagskrá sporaprófa** (fylgiskjal 16)
Sporadómarar HRFÍ óska eftir breytingu á áður auglýstri dagskrá sporaprófa. Sporapróf sem átti að vera 19. september verði fært til 5. október, dómari þar verður Albert Steingrímsson. Einnig að próf sem halda átti 13. október verði frestað til 20. október svo það verði ekki of nálægt hinu prófinu, dómari þar verður Þórhildur Bjartmarz.
Samþykkt.
- d. **Breyting sýningareglna varðandi afkvæma- og ræktunarhópa – erindi frá sýningastjórn** (fylgiskjal 17)
Sýningastjórn leggur til breytingu á greinum 52 og 53 í sýningareglum félagsins en ástæðan er aðlögun að tölvukerfinu sem tekið hefur verið upp og miða að því að fá afkvæma- og ræktunarhópa inn í tölvukerfi sýninga.

Breytingarnar miða að því að afkvæma- og ræktunarhópar samanstandi af 3-4 hundum/afkvæmum í stað 3-5 áður, og að ræktandi/eigandi undaneldishunds skrái hóp til keppni hjá félaginu áður en skráningarfrestur rennur út. Ennfremur verða einkunnir ekki lengur gefnar við dóma á hópum en eftir sem áður verður skráning í þessa flokka gjaldfrjáls.

Tillaga sýningastjórnar er samþykkt og hljóða greinar 52 og 53 í sýningareglum félagsins nú þannig:

52. Afkvæmahópur (valkvætt)

Rétt til þátttöku með afkvæmahóp hefur tók eða rakki með þrjú til fjögur afkvæmi af sama hundakyni eða af sama afbrigði hundakyns (þar sem afbrigði getur átt sérstakan BOB fulltrúa). Afkvæmin skulu skráð til þátttöku og sýnd í öðrum flokkum sýningar, þó ekki í hvolpaflokkum. Afkvæmi sem hljóta einkunnina 0 eða “Ekki hægt að dæma” á sýningunni eru ekki gjaldgeng í afkvæmahóp. Undaneldisdýr verður að skrá til keppni með

afkvæmahóp fyrir útgefinn skráningarfrest sýningar í gegnum skráningakerfi félagsins. Undaneldisdýr þarf ekki að sýna í öðrum flokkum til að geta keppt með afkvæmahóp. Við skráningu í gegnum kerfi þarf ekki að velja hvaða afkvæmi taka þátt í afkvæmahópnum, þau eru valin og skráð á sýningasvæði hjá hringstjóra/ritara. Eigandi undaneldisdýrs velur þau afkvæmi sem hann vill sýna í afkvæmahópi og gerir eigendum þeirra viðvart í tíma. Aðeins má sýna undaneldisdýr með einn afkvæmahóp á sýningu. Hópurinn fær umsögn sem ein heild. Megin áhersla er lögð á að hópurinn sé jafn að gerð og gæðum og samleitur undaneldisdýrinu og telst það hópnum frekar til framdráttar en sá árangur og einkunnagjöf sem einn einstakur hundur í hópnum hefur hlotið. Sýnanda/eiganda ber að sýna hund í afkvæmahópi, óski eigandi ræktunartíkur/hunds þess. Besti afkvæmahópur tegundar með heiðursverðlaun keppir til úrslita um Besta afkvæmahóp sýningar/dagsins.

53. Ræktunarhópur (valkvætt)

Í ræktunarhópi eru þrír til fjórir hundar af sama hundakyni eða af sama afbrigði hundakyns (þar sem afbrigði getur átt sérstakan BOB fulltrúa) frá sama ræktanda. Ef hundarnir eru með ræktunarnafn, skulu þeir allir bera sama ræktunarnafn. Ef ræktandi er jafnframt meðræktandi að öðru goti (ekki sama ræktunarnafn), má ekki sýna þau afkvæmi saman í ræktunarhópi. Aðeins má sýna einn ræktunarhóp af sama hundakyni (sama afbrigði kyns) frá sama ræktanda (með sama ræktunarnafn) á hverri sýningu. Hundar í ræktunarhópi geta verið úr öllum flokkum nema hvolpaflokkum og mega ekki hljóta 0 í einkunn eða "Ekki hægt að dæma". Ræktandi með ræktunarnafn skráir ræktun sína til keppni í ræktunarhóp fyrir útgefinn skráningarfrest í gegnum skráningakerfi félagsins. Ræktendur sem ekki eru með ræktunarnafn þurfa að skrá ræktunina á sýningu hjá skrifstofu félagsins fyrir útgefinn skráningarfrest. Við skráningu þarf ekki að velja hvaða hundar taka þátt í ræktunarhóp, þeir eru valdir og skráðir á sýningasvæði hjá hringstjóra. Ræktandi velur þá hunda sem hann vill sýna sem fulltrúa ræktunar sinnar og skal gera eigendum hundanna viðvart í tíma. Sýnanda/eiganda ber að sýna hund í ræktunarhópi, óski ræktandi þess. Hópurinn fær umsögn sem ein heild. Megin áhersla er lögð á að hópurinn sé jafn að gerð, gæðum og útliti, og telst það hópnum meira til framdráttar en árangur og einkunnagjöf sem einstakur hundur í hópnum hefur hlotið. Besti ræktunarhópur tegundar með heiðursverðlaun keppir til úrslita um Besta ræktunarhóp sýningar/dagsins.